

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 10. apríl 2018  
UST201803-428/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka - Svartagil í Bláskógabyggð. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað er að taka um 30.000 m<sup>3</sup> af mól úr opinni námu sem notuð hefur verið um nokkuð langt skeið. Náman er innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, á Náttúruminjaskrá og inn á vatnasviði Þingvallavatns, sem nýtur verndar skv. lögum nr. 85/2005. Efni hefur þarna verið tekið á stóru svæði og hefur ekki verið gengið algerlega frá eldri ummerkjum efnistöku í námunni. Umhverfisstofnun telur að efnistakan muni ekki auka sjónræn áhrif frá því sem orðið er. Í greinargerð kemur fram að sem mótvægisáðgerð verði gengið frá eldra raski í námunni. Þar sem efnistakan fer fram á vatnasviði Þingvallavatns verður lögð áhersla á að koma í veg fyrir að olíusmit berist í grunnvatn. Tllögu um slíkt verklag er að finna í greinargerðinni sem og verklagsreglur varðandi meðhöndlun olíu í námunni.

Hér er um efnistöku í gamalli námu að ræða og ef fylgt verður því verklagi sem kynnt er í greinargerð jafnframt því sem gegnið verður frá eldra raski í námunni og betra skipulagi komið á efnistöku á þessum stað telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri